



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 7. mars 2024

2403007SA VRB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins, S-52/2024

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins en með frumvarpinu er ætlunin að skilgreina ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra í því sambandi.

Afstaða sambandsins

Samband íslenskra sveitarfélaga styður frumvarpið og tilgang þess. Með stafrænni umbreytingu er verið að þróa og bæta þjónustu við borgarana. Uppbygging stafrænnar þjónustu krefst iðulega náins samstarfs ríkis og sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga telur þess vegna mikilvægt að ríkið styrki stefnumótun í upplýsingatækni sbr. 2. gr frumvarpsins. Sveitarfélög þurfa iðulega að bregðast við verkefnum sem eiga uppruna sinn hjá mismunandi stofnunum og ráðuneytum, oft með litlum fyrirvara. Þá gerist það ítrekað að ríkisvaldið ætlast til samvinnu og vinnuframlags frá sveitarfélögum á sama tíma í ólíkum verkefnum. Því er afar mikilvægt að skýra og skilgreina fyrirkomulag lykilkáttanna eins og kveðið er á um í 2. gr.

Sveitarfélög eru lykilaðilar í veitingu þjónustu til borgarana. Þau hafa undirgengist stefnu ríkisins um stafræna þjónustu og hafa verið að byggja upp eigin getu til að veita hágæða stafræna þjónustu. Af þeim sökum telur samband íslenskra sveitarfélaga að æskilegt að sveitarfélögum sé tryggður sami réttur til að fá upplýsingum miðlað og ríkisaðilum er tryggður í 4. gr.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur